

eigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

### III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 400.00.
  2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrir en notandi hefur greitt kr. 500.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.
- Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkvæmt kostnaði.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupvísitölu eftir 1. júní 1974 er rafveitunefnd heimilt að hækka að lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur 11% svo og gjöld skv. lögum nr. 4/1974 og lögum nr. 5/1974 eru innifalín í upphæð gjalda skv. 1. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 52 4. mars 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. maí 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Sauðárkróks.

#### I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### 1. Lýsing.

1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald ..... kr. 21.00 á kWst.

- 1.2. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... — 7.35 á kWst.  
Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:  
Verðslanir, skrifstofur, vinnustaðir o. þ. h. .... — 108.70 á m<sup>2</sup> á ári  
Geymslur og gangar þeim tilheyrandi ..... — 35,70 á m<sup>2</sup> á ári
- 1.3. Til hafnarlýsingar um kWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... — 5.90 á kWst.
- 1.4. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis .. — 15 264.00 árskW  
enda sé spennan 32 volt og skriflegur samningur gerður um notkunina.

## 2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:
- a. Grunnugjald ..... kr. 36.00 á mán.  
b. Orkugjald af allri notkun ..... — 4.70 á kWst.  
c. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 36.00 á mán.
- Við útreikning á herbergjagjöldum, skal telja öll herbergi sem ætluð eru til íbúðar og eldhús. Herbergi 5 m<sup>2</sup>, eða minna, reiknast hálf, en 25 m<sup>2</sup> eða stærra, tvö.

## 3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 11.80 á kWst.
- Eftir þessum gjaldskrárlíð má einnig selja raforku til lýsingar, og reiknast þá að auki fermetragjald af gólfleti eftir sömu reglum og gilda um líð 1.2., en er þriðjungur lægra.
- Raforku til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, má selja um kWst.-mæli eftir þessum gjaldskrárlíð. Þá eru engin fastagjöld reiknuð, önnur en mælaleiga, samkvæmt kafla II.
- 3.2. Um afl- og orkumæla:  
Fast gjald ..... kr. 5.436.00 á ári  
Orkugjald ..... — 1.86 á kWst.  
Aflgjald af notuðu afli, lágm. 2 kW ..... — 5 436.00 á ári á kW
- Heimilt er að selja alla raforkunotkun fyrirtækja eftir þessum gjaldskrárlíð.  
Fastagjald vegna lýsingar skal þá reiknað samkvæmt gjaldskrárlíð 1.2., og lágmarksaflgjald, sem svarar 20 kW.
- 3.3. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig um kWst.-mæli:  
Fast gjald ..... kr. 5 436.00 á ári  
Orkugjald ..... — 1.86 á kWst.  
Fastagjald, miðað við málraun véla, lágm. 2 kW .. — 4 504.00 á ári á kW
- Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfínanlegum truflunum eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

## 4. Hitun.

- 4.1. Til húshitunar, roftími 2 × 1.5 klst. á dag um kWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 1.48 á kWst.

- 4.2. Önnur hitanotkun, roftími  $2 \times 1.5$  klst. á dag, um kWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... kr. 1.68 á kWst.
- 4.3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra hliðstæðra nota, roftími allt að 11 klst. á dag, um kWst.-mæli:  
Mælisleiga samkvæmt kafla II.  
Orkugjald ..... — 1.36 á kWst.  
Um framangreinda hitagjaldskrárlíði gilda eftirfarandi ákvæði:  
Minnsta ársnotkun sé 6 000 kWst.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um mæla.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

## II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu, sem hér segir:

- Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... kr. 31.00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50 amp. og minni ..... — 52.00 á mán.
- Af þrífasa mælum 50—100 amp. .... — 72.50 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

## III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m, skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
60 A 1-fasa .....	15 930.00	920.00
60 A 3-fasa .....	22 155.00	965.00
100 A — .....	33 240.00	1 120.00
125 A — .....	45 900.00	1 300.00
200 A — .....	58 875.00	1 700.00
350 A — .....	104 400.00	2 220.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stystu greiðfærri leið að lóð-armörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínu-dreifistöð.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 400.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 400.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni, svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 15. maí 1974, sbr. heimild í auglýsingu nr. 85 14. maí 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 378 11. desember 1973 ásamt síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. maí 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

27. maí 1974.

Nr. 170.

### S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Hólmavíkurbreppi í Strandasýslu.

#### 1. gr.

Hreppsnefndin kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

#### 2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

#### 3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í fortlöllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.